

Efni: Upplýsingar vegna meðferða erlendis - fíknimeðferðir

Fulltrúar Sjúkratrygginga komu á fund velferðarnefndar þann 23.5. sl. vegna umfjöllunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, þskj. 1353 – 908. mál. Á fundinum var rætt að Sjúkratryggingar myndu senda nefndinni minnisblað varðandi umsóknir um læknismeðferðir erlendis, með áherslu á fíknimeðferðir vegna áfengis- og vímuefnanotkunar.

Til skýringar eru fyrst teknar saman þær reglur sem gilda um fyrirfram ákveðna læknismeðferð erlendis, en þjár leiðir geta komið til greina samkvæmt gildandi reglum. Á eftir er fjallað um umsóknir um fíknimeðferðir og afgreiðslu þeirra.

1. Meðferð sem ekki er hægt að veita á Íslandi

Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn á að fá meðferð sem ekki er hægt að veita á Íslandi, þ.e. meðferðin er ekki í boði hér á landi, greiða Sjúkratryggingar kostnað við meðferðina erlendis sbr. 23. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Um meðferðina gildir einnig reglugerð nr. 712/2010 með síðari breytingum. Umsóknir um meðferð fara fyrir siglinganefnd, sem er faghópur innan Sjúkratrygginga. Ef umsókn er samþykkt er sjúkrakostnaður greiddur ásamt ferðakostnaði og dagpeningum.

2. Mál sem varða læknisfræðilega óásættanlegan biðtíma á Íslandi

Með frumvarpinu sem nú er til meðferðar er m.a. lagt til að lögfestur verði réttur til greiðslu kostnaðar við læknismeðferð í EES-löndum ef biðtími hér á landi er umfram læknisfræðilega réttlætanagerleg viðmið. Reglan, sem á sér stoð í 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, hefur þegar verið innleidd í íslenskan rétt með innlendri reglugerð nr. 442/2012 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar. Frumvarpinu er ætlað að veita henni skýra lagastoð, auk þess sem það yrði til skýringa að allar þær reglur sem fjallað er um í þessari samantekt væru aðgengilegar á einum stað í lögum um sjúkratryggingar.

Aðeins er greiðsluþáttaka á grundvelli biðtímareglu ef meðferðaraðili er hluti af opinberu almannatryggingakerfi í viðkomandi landi. Sækja þarf um meðferð á þessum grundvelli fyrirfram. Faghópur Sjúkratrygginga metur umsóknir og liggja fyrir að biðtími sé óásættanlegur er meðferð greidd ásamt ferðakostnaði og dagpeningum.

3. Læknismeðferð sem unnt er að veita hér á landi - landamæratilskipun

Sk. landamæratilskipun (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri – cross border healthcare) er innleidd í íslenskan rétt með 23. gr. a laga um sjúkratryggingar og ákvæðum reglugerðar nr. 484/2016. Í lagaákvæðinu segir að velji sjúkratryggður sér að sækja heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES samningsins endurgreiði sjúkratryggingar kostnað af þjónustunni eins og um heilbrigðisþjónustu innanlands væri að ræða, enda sé um að ræða þjónustu samsvarandi þjónustu sem greiðsluþáttaka er í hér á landi. Ekki er skylt að þjónustan sé hluti af opinberum sjúkratryggingum landsins þar sem þjónustan er veitt.

Almennt er ekki skilyrði um að sótt sé um greiðsluþáttöku fyrirfram, en það þarf þó að gera ef um er að ræða þjónustu sem krefst innlagnar. Einnig gilda sömu skilyrði um greiðsluþáttöku og

gilda um innlenda þjónustu. Ef t.d. er þörf á tilvísun eða umsókn til þess að greiðsluþátttaka sé innan lands gildir sama um þjónustu yfir landamæri. Samþykkt felur í sér sömu greiðsluþátttöku og fengist hér á landi, en endurgreiðsla verður þó aldrei hærrí en útlagður kostnaður. Hvorki er greiddur ferðakostnaður né dagpeningar. Ef kostnaður er hærrí en greiðsluþátttaka er hér á landi greiðir sjúklingurinn mismuninn.

Nefna má að umsóknir um greiðslu tannlæknakostnaðar erlendis byggja á þessum grunni, en í þeim tilvikum er yfirleitt ekki um að ræða meðferð sem krefst innlagnar og því ekki farið fram á að sótt sé um fyrirfram.

Umsóknir um fíknimeðferð

Úrræði sem fjallað er um í lið 1 hér að framan á ekki við um fíknimeðferðir, þar sem slíkar meðferðir eru í boði á Íslandi. Umsækjendur um fíknimeðferð hafa undantekningarlaust verið á leið á einkarekinn meðferðarstað og því hefur ekki komið til greina að skoða málið á grundvelli biðtímareglna, sbr. lið 2. Endurgreiðslur hafa því verið í samræmi við landamæratilskipun, sbr. lið 3.

Á árinu 2022 bárust Sjúkratryggingum alls 13 umsóknir um fíknimeðferð erlendis. Átta umsóknir voru samþykktar á grundvelli landamæratilskipunar, en svo virðist sem tveir umsækjendur hafi ekki farið í meðferðina eða ekki lokið henni. Fimm umsóknum var synjað. Tveimur var synjað þar sem meðferð var hafin þegar sótt var um, en fíknimeðferðir krefjast innlagnar og þar með fyrirfram samþykkis, sbr. umfjöllun í lið 3. Þá var tveimur umsóknum synjað vegna þess að viðkomandi hafði nýlokið fíknimeðferð þegar sótt var um og einni vegna þess að ekki barst fullnægjandi umsókn þótt eftir því væri leitað við umsækjanda.

Á árinu 2023 bárust engar umsóknir um fíknimeðferðir. Ástæður gætu verið þær að ekki hafi fundist eða verið til staðar fýsilegur staður erlendis fyrir þau sem biðu eftir meðferð, til dæmis vegna tungumáls, samgangna, kostnaðar eða annarra ástæðna hjá sjúklingum. Nefna má að á árinu 2022 var meðferðarstað í Svíþjóð, þar sem íslenskir sjúklingar höfðu sótt meðferð, lokað.

Á þessu ári hafa borist fjórar umsóknir. Einni var synjað þar sem umsækjandi hafði nýlega lokið meðferð en þrjár voru samþykktar á grundvelli landamæratilskipunar. Frá ársbyrjun 2022 til dagsins í dag hafa þannig borist 17 umsóknir. Sex hefur verið synjað um greiðsluþátttöku en 11 hafa fengið samþykkt fyrir greiðsluþátttöku.

Lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu sem nú er til meðferðar ættu ekki hafa að áhrif á meðferð umsókna um fíknimeðferðir erlendis.

Berglind Ýr Karlsdóttir
deildarstjóri
Réttindasvið Sjúkratrygginga